

Fimmtudaginn 25. janúar 1996.

Nr. 224/1994.

**Fjármálaráðherra og utanríkisráðherra  
f. h. ríkisins**

(Kristín Briem hdl.)

(Sigrún Guðmundsdóttir hrl.)

gegn

**Útgerðarfélaginu Nirði hf.**

(Magnús H. Magnússon hdl.)

(Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.)

Skaðabætur. Varnarlið Bandaríkjá Norður-Ameríku.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 17. maí 1994. Krefjast þeir sýknu af öllum kröfum stefnda og að þeim verði dæmdur málskostnaður úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefjast þeir verulegrar lækkunar á kröfum stefnda og niðurfellingar málskostnaðar.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Eins og mál þetta liggur fyrir, þykir verða að gera ráð fyrir því, að botnvarpa mb. Þórs Péturssonar, ÞH-50, hafi slitnað frá bátnum 22. febrúar 1992 á þeim stað, sem skipstjóri hans gaf upp í skýrslu næsta dag, þótt sú staðsetning hafi ekki verið færð inn í skipsdagbókina, jafnskjótt og atvikið varð. Við sjópróf 18. mars 1992 skýrði skipstjórinn svo frá, að eftir að slæða hefði verið sótt í land, hefði hann siglt á þann stað, þar sem varpan átti að vera samkvæmt staðsetningu, og slakað slæðunni niður í tiltekinni fjarlægð þar frá. Festist slæðan klukkustund síðar í neðansjávarstreng, sem var híður upp. Var stjórnstöð Landhelgisgæslunnar þá tilkynnt um málið og gefin upp staðarákvörðun. Í framhaldi þess komu tilmæli frá talsmanni varnarliðs Bandaríkjanna til skipstjórans um að láta strenginn falla óskemmdan til botns, eins og nánar er rakið í héraðsdómi. Er óum-

deilt, að neðansjávarstrengurinn var í eigu varnarliðsins, og hafði lega hans og staðsetning ekki verið auglýst eða færð inn á opinber sjókort. Þegar litið er til framangreindra atriða, verður að telja, að varnarliðið hafi tekið á sig áhættu af því, að hætt var við frekari tilraunir til að ná upp botnvörpunni.

Með þessum athugasemdum verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur með skírskotun til forsendna hans.

Dæma ber aðaláfrýjendur til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði segir.

### D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, fjármálaráðherra og utanríkisráðherra f. h. ríkisins, greiði stefnda, Útgerðarfélaginu Nirði hf., 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

### **Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 4. maí 1994.**

Mál þetta, sem dómtekið var 15. apríl sl., höfðaði Útgerðarfélagið Njörður hf., kt. 621276-2479, Hamraborg 5, Kópavogi, fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur með stefnu, áritaðri um birtingu 27. september 1993, gegn fjármálaráðherra fyrir hönd fjármálaráðuneytisins og utanríkisráðherra fyrir hönd ríkisins.

Dómkröfur stefnanda eru, að stefndu verði dæmt að greiða honum skaðabætur, að fjárhæð 7.270.382 kr., auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 20. maí 1992 til greiðsludags. Þess er krafist, að áfallnir vextir leggist við höfuðstól 20. maí 1993 og síðan árlega þann dag. Þá er krafist málskostnaðar að mati dómsins.

Dómkröfur stefndu eru aðallega, að þeir verði algjörlega sýknaðir af kröfum stefnanda og þeim tildæmdur málskostnaður úr hans hendi að mati réttarins. Til vara er þess krafist, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður í því tilviki felldur niður.

### *Málavextir.*

Um hádegisbil 22. febrúar 1992 voru skipverjar á mb. Þór Péturssyni, ÞH 50, á veiðum með botnvörpu skammt norðaustur af Eldey. Festist þá botnvarpan og slitnaði aftan úr bátnum við tilraunir skipverja til að losa hana. Staðarákvörðun reyndist vera 63 45 43 N og 22 52 51 V.

Skipinu var siglt til Sandgerðis og sótt svokölluð „togaraslæða“ til þess að reyna að ná veiðarfærunum upp. Um sexleytið sama dag var skipið

komið aftur á staðinn, þar sem botnvarpan festist, og var þá byrjað að slæða. Um sjöleytið festist slæðan í einhverju. Erfitt reyndist að ná henni upp, en þegar það tókst, sátu á henni netaslitrur, sem skipverjar töldu vera úr botnvörpunni, og sver gúmmíklæddur kapall, svartur að lit. Þá var skipið statt á sama stað og botnvarpan slitnaði aftan úr skipinu. Dýpi þarna var 62 faðmar. Ekkert mun vera á sjókortum um, að kapall eða strengur liggi þarna á hafsbotni. Hringdi nú skipstjóri í neyðarnúmer Landhelgisgæslunnar og greindi starfsmanni hennar frá því, sem gerst hafði. Var skipstjórinn þá beðinn að bíða, á meðan ráðgast væri við forsvarsmenn varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli. Að ósk varnarliðsins var gefin upp nákvæm staðsetning á kaplinum samkvæmt GPS-mælikvarða. Talaði framkvæmdastjóri stefnanda við Helga Hallvarðsson hjá Landhelgisgæslunni, en hann hafði samband við Arnór Sigurjónsson, varnarmálaráðunaut í utanríkisráðuneytinu, sem þá hafði samband við yfirmenn varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli til að fá upplýsingar um hugsanlegan kapal frá varnarliðinu á þessum slóðum. Að sögn stefnanda bar Helgi Hallvarðsson í framhaldi af þessu framkvæmdastjóra stefnanda þau skilaboð frá varnarliðinu fyrir meðalgöngu Arnórs Sigurjónssonar, að þess væri óskað, að skipverjar á mb. Þór Pétursyni slepptu kaplinum aftur í sjóinn og hættu frekari tilraunum til að ná veiðarfærunum upp. Myndi varnarliðið borga það tjón, sem orðið hefði af kaplinum. Létu skipverjar þá kapalinn síga aftur í sjó og hættu frekari leit að veiðarfærunum. Um kl. 21 losnaði slæðan svo frá strengnum, og var þá haldið til hafnar.

Sjópróf vegna þessa atburðar fóru fram 18. mars 1992 á aukadómþingi Gullbringusýslu.

Með bréfi, dags. 14. apríl 1992, til skaðabótanefndar samkvæmt lögum nr. 110/1951 fór stefnandi fram á bætur vegna tjóns, sem hann varð fyrir vegna ofangreinds atburðar. Svar barst frá skaðabótanefndinni 20. júlí 1992, þar sem bótaskyldu vegna veiðarfæratapsins var hafnað.

#### *Málsástæður og lagarök stefnanda.*

Stefnandi reisir kröfu sína um skaðabætur á reglum skaðabótaréttar um sakarábyrgð og ábyrgð án sakar, meginreglu þjóðaréttar um tjón af völdum neðansjávarstrengja svo og meginreglu kröfuréttar um skuldbindingargildi loforða.

Í fyrsta lagi er því haldið fram, að hernaðaryfirvöld Bandaríkjanna hafi sýnt af sér saknæma háttsemi, sem leiði til bótaábyrgðar skv. almennu skaðabótareglunni. Með lagningu svers og sterks neðansjávarrafstrengs frá Íslandi um landgrunn þess yfir fiskimið, þar sem fjöldi skipa sé jafnan á veiðum, án þess að hirða um að tilkynna opinberlega um hann, hvorki til-

vist hans né staðsetningu, stofni hernaðaryfirvöld Bandaríkjanna sjómönnum við strendur Íslands og veiðarfærum þeirra í hættu með saknæmum hætti. Hér sé um að ræða mannvirki, sem sjómönnum stafi umtalsverð hætta af, sérstaklega í ljósi þess, að þeir geti ekki varast hana.

Stefnandi hafi glatað veiðarfærum sínum vegna þessa neðansjávarstrengs. Allt bendi til þess, að veiðarfæri stefnanda hafi fest í strengnum og þess vegna slitnað frá skipinu. Á þessu tjóni beri bandarísk hernaðaryfirvöld ábyrgð sökum þess, að strengurinn sé ekki merktur inn á opinber sjókort. Bein orsakatengsl séu milli saknæmrar háttsemi og tjóns. Aðrir sæstrengjaeigendur hér við land, svo sem Rafmagnsveitur ríkisins og Póst- og símamálastjórn, auglýsi rækilega, hvar neðansjávarrafstrengir þeirra liggja, og vari jafnframt menn alvarlega við því að veiða, þar sem þeir liggja.

Stefnandi telur eftirtaldir staðreyndir sanna, að veiðarfæri mb. Þórs Péturssonar hafi fest í kaplinum: Í fyrsta lagi bendi atvik við það, þegar trollið festist og slitnaði, til þess, að það hafi verið fast í hlut, sem lyftist frá botni. Í öðru lagi hafi verið tekin nákvæm staðarákvörðun á festustaðnum, og það hafi einmitt verið þar, sem kapallinn kom upp. Í þriðja lagi hafi verið netaðræsur á kaplinum, þegar hann kom upp.

Þyki einhver vafi leika á því, að veiðarfærin hafi raunverulega fest í streng varnarliðsins, beri stefndi hallann af því. Í skaðabótarétti gildi sú almenna regla um sönnun orsakatengsla, að hafi sá, sem krafinn er um bætur vegna tjóns, gerst sekur um ámælisverða hegðun, sé rétt að leggja sönnunarbyrðina á hann eða að minnsta kosti að slaka á sönnunarkröfum. Að leggja hættulegan rafstreng neðan sjávar án þess að upplýsa sjófarendur um tilvist hans bjóði án efa hættunni heim. Því sé óeðlilegt, að stefnandi þurfi að sæta því að fá ekki tjón sitt bætt vegna sönnunarörðugleika, þegar auk þess liggja fyrir, að sönnunargögnin voru látin síga í sæ aftur fyrir tilstilli forsvarsmanna varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli. Hernaðaryfirvöld hafi ákveðið að halda staðsetningu strengsins leyndri og væntanlega vegna þess, að þau telji, að hagsmunirnir af því séu meiri en hugsanlegur skaði sæfarenda hans vegna. Um þetta hljóti að gilda meginreglan, að sá beri áhættuna, sem njóti hagnaðarins. Hernaðaryfirvöld á Keflavíkurflugvelli hafi ekki viljað upplýsa um gerð kapalsins, legu eða festingu við botn. Hafi það gert sönnunarfærslu erfiðari fyrir stefnanda. Einnig af þessari ástæðu sé rétt að leggja sönnunarbyrði á stefnda í málinu, þar sem hann hafi ekki upplýst um veigamikinn þátt í málinu, en það hafi einungis verið á hans færi að gefa þær upplýsingar.

Jafnframt telur stefnandi, að um bótaskyldu sé að ræða á grundvelli reglna skaðabótaréttarins um hlutlæga ábyrgð á hættulegum tækjum. Einnig styður stefnandi bótarétt sinn við almenna meginreglu samninga- og

kröfuréttar um skuldbindingargildi loforða. Ofursti í flugher Bandaríkjanna, Stephen Barneyback, hafi lofað að greiða stefnanda það tjón, sem hann yrði fyrir, væri strengnum sleppt aftur í sjóinn og frekari leit að veiðarfærunum hætt. Fyrir orð þessa manns og í trausti þess, að staðið yrði við þau, hafi stefnandi látið strenginn síga aftur niður og hætt frekari leit. Það hafi ekki verið fyrir en með bréfi, dags. 7. júlí 1992, sem hafi ekki borist stefnanda fyrir en 20. júlí, að stefnandi var látinn vita af því, að ekki yrði staðið við gefið loforð. Þá hafi ekki verið lengur neinn möguleiki á því að ná veiðarfærunum upp úr sjónum eftir svo langan tíma.

Enn fremur styður stefnandi kröfu sína við meginreglu þjóðaréttar um bótarétt eigenda skipa, sem hafi fórnað veiðarfærum til að forðast skemmdir á neðansjávarstrengjum, á hendur eigenda strengsins. Þessi meginregla komi fram bæði í 115. gr. Hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem Ísland er aðili að, og 7. gr. alþjóðlegs samnings, sem undirritaður var 14. mars 1884 í París um neðansjávarstrengi.

Bótakrafa stefnanda greinir annars vegar frá beinum útlögðum kostnaði vegna veiðarfæra og búnaðar, sem glataðist við festuna í kaplinum og ekki var hægt að ná upp, vegna þess að mælst var til þess, að hætt yrði tilraunum við að ná honum upp að nýju. Hins vegar sé um að ræða afleitt tjón vegna stöðvunar á veiðum, sem hafi verið bein afleiðing bótaskyldrar háttsemi stefnda. Krafist er bóta fyrir það tjón, sem stefnandi hafi orðið fyrir, sökum þess að báturinn tafðist í rúma fimm sólarhringa frá veiðum, á meðan verið var að endurnýja veiðarfærin.

Fyrri hluti skaðabótakröfunnar er sá kostnaður, sem stefnandi þurfti að leggja í til að endurnýja þann búnað, sem hann tapaði við umræddan atburð.

Nánar sundurliðast bótakrafan svo samkvæmt meðfylgjandi reikningum:

|                                                                |     |         |
|----------------------------------------------------------------|-----|---------|
| Kassatroll með kúlum og lengjum                                | kr. | 712.787 |
| Rokkhopperlengja                                               | –   | 489.500 |
| Grandarar, efri og neðri                                       | –   | 187.210 |
| Klafar                                                         | –   | 30.000  |
| Aflanemi                                                       | –   | 536.300 |
| Fjarlægðarnemi                                                 | –   | 546.500 |
| Vinna og mælagjald vegna ísetningar aflanema og fjarlægðarnema | –   | 7.786   |
| Tryggingamælagjald                                             |     |         |
| Höfuðlínunemi, vinna o. fl.                                    | –   | 877.065 |
| Lásar, dauðuleggir o. fl.                                      | –   | 50.000  |

---

Samtals kr. 3.429.362 (svo í stefnu)

Í samræmi við dómvenju við útreikning aflatjóns í dómsmálum kveðst stefnandi hafa kannað afla sambærilegra veiðiskipa við mb. Þór Pétursson. Var reiknaður út meðalafli fimm trollbáta og skipting milli fisktegunda fyrir tímabilið, sem Þór Pétursson var frá veiðum. Tölurnar eru fengnar út frá aflatölum fyrir mánuðina febrúar og mars 1992, en stefnandi telur eðlilegt að taka báða mánuðina með í meðaltalsreikninginn, þar sem Þór Pétursson var frá veiðum skömmu fyrir mánaðamótin febrúar/mars. Verðmæti er samkvæmt upplýsingum frá Fiskmarkaði Suðurnesja. Niðurstaðan er eftirfarandi:

|           | Tonn  |   | Meðalverð    |           | Aflaverðmæti |
|-----------|-------|---|--------------|-----------|--------------|
| Porskur   | 16,50 | × | 105,32 kr.   | samt. kr. | 1.737.780    |
| Ýsa       | 11,50 | × | 114,03 kr.   | –         | 1.254.330    |
| Ufsi      | 5,56  | × | 53,95 kr.    | –         | 300.010      |
| Karfi     | 4,61  | × | 45,12 kr.    | –         | 208.000      |
| Annað     | 4,87  | × | 70,00 kr.    | –         | 340.900      |
| Afli alls | 42,54 |   | Aflaverðmæti | kr.       | 3.841.020    |

Önnur lagarök: Krafa stefnanda á hendur stefndu er reist á lögum nr. 99/1943 um ábyrgð ríkissjóðs á tjóni, sem hlýst af veru herliðs Bandaríkjanna Norður-Ameríku hér á landi. Um aðild fjármálaráðuneytisins og varnarþing er vísað til 3. gr. laga nr. 99/1943 og 12. gr. viðbótarfylgiskjals um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þeirra, sbr. l. nr. 110/1951. Fyrirsvar fjármálaráðherra er ákveðið í 3. gr. laga nr. 99/1943, og skv. 12. tl. 14. gr. auglýsingar nr. 96/1969 um stjórnarráð Íslands er utanríkisráðherra einnig stefnt fyrir hönd ríkisins í þessu máli.

Við munnlegan málflutning var mótmælum af hálfu stefndu við kröfu vegna viðgerðarkostnaðar á því reistum, að þarna kæmi nýtt fyrir gamalt, mótmælt sem of seint fram komnum.

#### *Málsástæður og rökstuðningur stefndu.*

Sýknukrafa stefndu er í fyrsta lagi studd því, að ósannað sé með öllu, að tjón stefnanda verði rakið til neðansjávarstrengs í eigu varnarliðs Bandaríkjanna. Þegar virt séu þau atriði, sem fram komi í sjóprófum, geti niðurstaðan tæpast orðið önnur en sú, að líkur bendi ekki til og þaðan af síður geti talist sannað, að troll bátsins hafi lent í kaplinum og slitnað frá af þeim sökum. Í þessum efnum hafi stefnandi ótvírætt sönnunarbyrði.

Í framburði skipstjóra í sjóprófum komi fram, að hafsbotn á umræddu svæði sé ósléttur. Í því felist væntanlega, að þar séu frá náttúrunnar hendi aðstæður, sem hafi verið til þess fallnar, að trollið festist í botni. Samkvæmt framburði stýrimanns hafi mikil átök orðið við að reyna að losa vörpuna.

Ekki komi þar fram, að festan hafi losnað neitt, áður en trollið slitnaði frá. Það bendi til, að trollið hafi verið alveg fast í botni, en ekki fast við kapalinn, sem væntanlega hefði látið undan, rétt eins og þegar honum var lyft upp á yfirborð síðar sama dag. Yfirlýsingar skipverja að þessu leyti beri að leggja til grundvallar.

Þá hafi ekkert verið heldur upplýst um það, hvort skipsflök kunni að liggja þarna á botni. Skorað var á stefnanda að bæta úr og leggja fram upplýsingar um það í málinu. Trollið hefði getað orðið fast í skipsflaki með þeim afleiðingum, að það slitnaði frá.

Samkvæmt upplýsingum stefndu muni kapallinn hafa legið í sjó árum saman. Sjómenn á svæðinu viti almennt, hvar hann er, og geti því varað sig á honum. Sú almenna þekking hafi væntanlega náð til skipstjóra bátsins eins og annarra heimamanna. Málalátillitnaður stefnanda gefi tilefni til að benda á, að ókleift sé að draga þá ályktun, að trollið hljóti að hafa lent á kaplinum, fyrst slæðan gerði það. Slæðan sé sérstaklega gerð til þess að grípa hluti, sem liggja á hafsbotni. Með það í huga sé óheimilt að álykta í þá veru, að fyrst hún lenti í kaplinum, séu jafnar líkur á, að trollið hefði gert það líka. Í þessu sambandi er vakin athygli á framburði skipstjóra í sjóprófum, þar sem segi, að hann hafi oft togað á þessu svæði án þess að festa sig í kaplinum. Einnig það atriði dragi úr líkum til þess, að trollið hafi orðið fast í kaplinum umrætt sinn. Enn eitt atriði, sem mælir því í gegn, að trollið hafi lent í kaplinum, sé sú staðreynd, að einungis annar togvír skipsins hafi dugað til þess að draga kapalinn frá botni og upp á yfirborð, eftir að slæðan hafði lent í honum. Því fremur hefðu tveir vírar átt að duga til að lyfta kaplinum upp á yfirborð, hefði trollið verið fast í honum. Ekki verði fallist á þá skýringu stýrimannsins í sjóprófinu, að lásar og/eða grandarar við trollið hafi verið orðnir slitnir og slitnað. Þessi skýring komi ekki heldur fram af hálfu skipstjóra. Ef hún yrði lögð til grundvallar, er því haldið fram af hálfu stefndu, að eigin sök skipstjóra og útgerðar eigi að valda því, að bótakröfum stefnanda verði hafnað eða stefnandi að minnsta kosti látinn bera verulegan hluta tjónsins sjálfur.

Í framburði skipstjóra við sjópróf komi fram, að netadræsa hafi hangið á slæðunni og kaplinum, er honum hafi verið lyft upp úr sjó. Upp úr þessu atriði verði lítið lagt. Skipstjóri einn virðist hafa séð umræddan netbút, en ekki aðrir skipverjar. Allan þann tíma, er kapallinn var upp úr sjó, hafi skipstjóri haldið sig í brú, á að giska 10–15 metra frá kaplinum, og ekki skoðað þetta nær vettvangi. Auk þess hafi væntanlega verið orðið skuggsýnt, er þetta gerðist. Aðstaður bendi því til, að skipstjóri hafi ekki getað séð þetta gjörla. Stýrimaður virðist ekki hafa séð þetta, þótt hann hafi verið

staddur á þílfari eða í brú, er atvik þessi urðu. Aðrir skipverjar hafi ekki tjáð sig, hvorki um þetta né annað í málinu, þrátt fyrir tilmæli um, að þeir gæfu skýrslu í sjóprófi. Verði gert ráð fyrir, að þarna hafi verið netbútur, hljóti að teljast ósennilegt, að slæðan hafi lent nákvæmlega á þeim bletti kapalsins, þar sem trollið eigi að hafa lent á honum áður. Miklu meiri líkur hljóti að vera til þess, að netið hafi orðið á vegi slæðunnar á leið hennar eftir hafsbótunum og hangið við hana, uns slæðan lenti í kaplinum. Niðurstaðan hljóti að verða sú, að ósannað sé með öllu, að tjón stefnanda megi rekja til þess, að botnvarpan hafi lent í kaplinum. Mestar líkur séu reyndar fyrir hinu gagnstæða. Í ljósi þess eigi sjónarmið stefnanda um sakarlíkindi ekki heldur við í þessu máli. Því er mótmælt, að slíkar reglur geti hér átt við eða orðið grundvöllur að dómi gagnvart stefndu.

Stefnandi reisir kröfur sínar í annan stað á því, að stefndu beri hlutlæga ábyrgð á kaplinum, vegna þess að um sé að ræða hættulegt tæki. Þessum sjónarmiðum er mótmælt. Verði ekki fallist á, að reglur skaðabótaréttar feli í sér hlutlæga bótaábyrgð við aðstæður eins og hér var um að ræða. Í þessum þætti eigi við sömu sjónarmið um sönnun sem að framan hafi verið rakin.

Í þriðja lagi styðji stefnandi bótakröfu sína við almenna reglu samninga- og kröfuréttar um skuldbindingargildi loforða. Ekki verði fallist á, að gefið hafi verið loforð með því innihaldi, sem stefnandi haldi fram. Sá starfsmaður varnarliðs Bandaríkjanna, sem eigi að hafa gefið umrætt loforð, hafi upplýst um samtal sitt við starfsmann varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins, sem fram fór, eftir að báturinn hafði slægt kapalinn upp á yfirborð. Um það er vísað til fram lagðra dómskjala nr. 7, 22 og 23. Málið hafi verið kynnt þannig fyrir starfsmanninum, að annaðhvort yrðu skipverjar að höggva á kapalinn eða trollið. Svo hafi atvikum ekki verið háttað í raun og veru. Loforð um að bæta trollmissinn, sem gefið hafi verið til að koma í veg fyrir, að kapallinn yrði höggvinn sundur, geti ekki talist skuldbindandi vegna rangra upplýsinga, sem varnarliðsmanninum voru gefnar.

Loks vísar stefnandi til skuldbindingargildis milliríkjasamninga. Þeim sjónarmiðum stefnanda er mótmælt. Tilgreindir samningar hafi ekki laga- gildi á Íslandi. Þegar af þeirri ástæðu komi ekki til þess, að við þá verði stuðst í dómsmáli þessu. Þá verði ekki heldur á það fallist, að efni þeirra feli í sér bótaskyldu við þær aðstæður, sem hér er um að ræða.

#### *Varakröfur stefndu.*

Verði ekki fallist á aðalkröfu, er varakrafa stefndu sú, að bætur verði lækkaðar. Sérstaklega er mótmælt þeim kröfulið stefnanda, sem felur í sér



ætlað aflatjón, og komi þar margt til. Í fyrsta lagi sé ekki upplýst af hálfu stefnanda, hvers vegna hann hafi þurft að bíða eftir hlutum í nýtt troll við þær aðstæður, að annað troll var fyrir hendi. Í annan stað sé upplýst í skjölum málsins, að bræla var á miðunum að minnsta kosti tvo daga af þessum fimm, er ætluð töf vegna trollmissisins varð. Í þriðja lagi er á það bent, að stefnandi hafi ekki sýnt fram á, að hann hafi þurft að bíða neitt tjón, jafnvel þótt hann hafi tafist frá veiðum af þessari ástæðu, eins og hann haldi fram. Bátur stefnanda sé á aflamarki, og ekkert sé fram komið, sem bendi til annars en unnt hafi verið að ná aflakvóta skipsins síðar á fiskveiðiárinu.

Óupplýst sé, hvers vegna stefnandi miði aflatjón sitt við þá þrjá báta, sem tilgreindir eru í stefnu, en ekki til dæmis meðaltalsveiði togbáta á svæðinu á þessum tíma. Kröfur stefnanda séu í raun algerlega vanreifaðar í þessum þætti málsins.

Við munnlegan málflutning var kröfu vegna viðgerðarkostnaðar mót-mælt sem of hárrí og tekið fram, að þarna kæmi nýtt fyrir gamalt.

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslu fyrir dómi framkvæmdastjóri stefnanda, Hafliði Þórsson, Sævar Ólafsson, núverandi skipstjóri á mb. Þór Péturssyni, Sigurður Svavar Steingrímsson, vélstjóri á mb. Þór Péturssyni, Helgi Hallvarðsson skipherra og Arnór Sigurjónsson varnarmálaráðunautur.

#### *Niðurstaða.*

Ágreiningur málsaðila um orsök tjónsins, sem málið er af risið, er aðallega um það, hvort veiðarfæri mb. Þórs Péturssonar hafi lent á neðansjávarkapli í eigu varnarliðs Bandaríkjanna eða ekki. Jafnframt er ágreiningur um það, hvað hafi farið á milli framkvæmdastjóra stefnanda og fulltrúa utanríkisráðuneytisins og varnarliðsins í símtali sama dag og tjónið varð.

Við sjópróf, sem fram fór 18. mars 1992 vegna veiðarfæratapsins, kom m. a. fram hjá Gunnari Harðarsyni, þáverandi skipstjóra á mb. Þór Péturssyni, að hann „geti ekki sagt nákvæmlega um það, hvort trollið sjálft hafi lyfst frá botni, en miðað við það, sem komið er inn af vírum og gröndurum, að þá hefur það kannski átt að geta lyfst um 1–2 metra eða faðma“. Við sama sjópróf lýsti Björn Þór Kristjánsson, þáverandi stýrimaður á mb. Þór Péturssyni, því svo, hvernig þetta gerðist: „Við byrjuðum að hífa eins og við náðum þessu eitthvað á loft; svo bara slitnar fyrst annar og hinn rétt á eftir.“

Þessi lýsing gefur til kynna, að veiðarfærin hafi ekki verið föst í botni, heldur í hreyfanlegum hlut. Það og annað, sem fram er komið, m. a., að önnur skip hafi á sömu slóðum fest veiðarfæri sín í neðansjávarstreng í eigu

varnarliðs Bandaríkjanna, færi líkur að því, að veiðarfæri mb. Þórs Pétursonar hafi fest í neðansjávarstrengnum, þá er hann var að veiðum norð-austur af Eldey 22. febrúar 1992, enda þótt ekki sé það sannað.

Þá er skipverjar á skipi stefnanda reyndu að slæða veiðarfærin upp aftur, drógu þeir upp ómerktan neðansjávarstreng í eigu varnarliðs Bandaríkjanna. Á strengnum var að sögn skipverja netadræsa, sem skipverjar töldu vera úr botnvörpu skipsins. Skipverjum var tjáð, að straumur væri á strengnum. Þess var óskað, að skipverjar slepptu strengnum niður aftur, og stefnanda lofað, að tjón vegna veiðarfæratapsins yrði bætt. Hvort loforð þetta var gefið vegna þess, að loforðsgjafi taldi veiðarfæri skipsins föst í kaplinum eða slæðuna, þykir ekki skipta meginmáli við niðurstöðu málsins þegar af þeirri ástæðu, að telja verður, að tilvist strengsins og óskin um að láta hann síga í haf hafi komið í veg fyrir, að skipverjar björguðu veiðarfærunum. Hér er og á það að líta, sem fram kemur í bréfi ofursta í varnarliði Bandaríkjanna, Stephens Barneyback, dags. 7. júlí 1992, að stefnandi hætti á að baka sér skaðabótaskyldu, ef hann kynni að valda skemmdum á kaplinum vegna endurnýjaðra tilrauna til björgunar veiðarfæra.

Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, þykir bera að fella á stefndu bótaábyrgð á því tjóni, sem stefnandi varð fyrir vegna veiðarfæratapsins.

Stefnandi hefur lagt fram gögn yfir kostnað við öflun veiðarfæra í stað þeirra, sem töpuðust. Gögnum þessum hefur ekki verið tölulega mótmælt, og það var ekki fyrr en við munnlegan málflutning, sem fjárhæð þessa liðar í dómkröfu stefnanda var mótmælt með vísan til þess, að hér kæmi nýtt fyrir gamalt. Gegn andmælum af hálfu stefnanda verður ekki á þessari málsástæðu byggt, þar sem hún kom svo seint fram. Verður þessi liður í dómkröfu stefnanda því tekinn til greina.

Verður þá tekin afstaða til kröfu stefnanda um bætur vegna aflatjóns.

Gegn andmælum stefndu þykir stefnandi ekki hafa sýnt fram á, að veiðarfæratjónið hafi nauðsynlega þurft að hafa í för með sér tafir frá veiðum í fimm daga. Samkvæmt skipsdagbók var bræla í tvo af þeim fimm dögum, sem stefnandi telur sig hafa misst af afla.

Eins og málið liggur fyrir, þykir stefnandi ekki hafa sýnt fram á raunverulegt tjón sitt vegna aflamissisins. En hinir sérfróðu meðdómsmenn telja, að eftir atvikum megi með hliðsjón af því, sem fram er komið í rekstri málsins, áætla tjónið, og telst þeim til, að það sé hæfilega talið 1.500.000 kr. Þá fjárhæð verður stefndu gert að greiða stefnanda.

Niðurstaða málsins verður því sú, að stefndu verða dæmdir til að greiða stefnanda 4.929.362 (3.429.362 kr. + 1.500.000 kr.) í bætur með vöxtum, eins og krafist var.

Samkvæmt 130. gr. l. nr. 91/1991 ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst 550.000 kr.

Dóminn kváðu upp Auður Þorbergsdóttir héraðsdómari og meðdómsmennirnir Hrafnkell Guðjónsson stýrimaður og Þorvaldur Ingibergsson stýrimaður.

#### D ó m s o r ð:

Stefndu, fjármálaráðherra f. h. fjármálaráðuneytisins og utanríkisráðherra f. h. ríkisins, greiði stefnanda, Útgerðarfélaginu Nirði hf., 4.929.362 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá 20. maí 1992 til greiðsludags. Áfallnir dráttarvextir leggist við höfuðstól, í fyrsta sinn 20. maí 1993. Stefndu greiði stefnanda 550.000 kr. í málskostnað.

---